

Stjórn Eflingar - stéttarfélags
20. febrúar 2020

Tillaga um samúðarverkfall hjá skólum sem eiga aðild að Samtökum sjálfstæðra skóla


Stjórn Eflingar - stéttarfélags, á fundi sínum haldinn 20.02.2020 í húsnæði félagsins að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík, samþykkir að láta fara fram atkvæðagreiðslu skv. 15. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur um boðun samúðarvinnustöðvunar hjá félagsmönnum Eflingar sem starfa hjá skólum sem eru aðilar að Samtökum sjálfstæðra skóla, til stuðnings kröfum félagsmanna Eflingar gagnvart Reykjavíkurborg í þeirri kjaradeilu sem nú stendur yfir. Heimild til samúðarvinnustöðvunar sækir stoð sína í gagnályktun frá 3. tölul. 17. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og hefur verið staðfest í dómum Félagsdóms sbr. m.a. mál nr. 1/1947; 2/1945 og 6/1975.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar vegna endurnýjunar kjarasamnings við Reykjavíkurborg sem losnaði þann 1. apríl 2019 fyrir hönd félagsmanna Eflingar hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara. Þann 10. janúar sl. samþykkti því samninganefnd Eflingar gagnvart Reykjavíkurborg tillögu um vinnustöðvun sem tekur til félagsmanna Eflingar sem vinna hjá Reykjavíkurborg skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar. Frá og með 17. febrúar sl. skall því á ótímabundið lögmætt verkfall sem því samúðarverkfalli sem nú er boðað er ætlað að styðja.

Samúðarvinnustöðvunin er með þeim hætti að félagsmenn Eflingar sem starfa hjá skólum sem eru aðilar að Samtökum sjálfstæðra skóla undir kjarasamningum Eflingar leggja niður störf ótímabundið kl. 12:00 á hádegi mánudaginn 9. mars næstkomandi. Skólarnir sem samúðarverkfallið beinist einkum að eru taldir upp á næstu blaðsíðu.

Rekstraraðili	Skóli	Staður
KFUM og KFUK á Íslandi	Vinagarður	Reykjavík
Sjálund ehf.	Leikskólinn Sjálund	Garðabæ
Sæluþróð	Leikskólinn Sæluþróð	Reykjavík
Leikskólinn Vinaminni ehf.	Leikskólinn Vinaminni	Reykjavík
Lundur ehf	Leikskólinn Lundur	Reykjavík
Skerjagarður ehf.	Skerjagarður	Reykjavík
LFA ehf	Fosssakot	Reykjavík
LFA ehf	Korpukot	Reykjavík
Hjallastefnan ehf	Laufásborg	Reykjavík
Hjallastefnan ehf	Askja	Reykjavík
Hjallastefnan ehf	Barnaskóli Hjallastefnunnar Reykjavík	Reykjavík
Skóli Ísaks Jónssonar ses	Skóli Ísaks Jónssonar	Reykjavík
Dignitas ehf	Regnboginn	Reykjavík
Félagsstofnun stúdenta	Mánagarður	Reykjavík
Félagsstofnun stúdenta	Sólagarður	Reykjavík
Félagsstofnun stúdenta	Leikgarður	Reykjavík
Skólar ehf.	Ársól	Reykjavík
Kirkja aðventista	Suðurhlíðarskóli	Reykjavík
Barnaheimilið Ós	Barnaheimilið Ós	Reykjavík
Tjarnarskóli ehf.	Tjarnarskóli	Reykjavík
Waldorfskólinn í Lækjarbotnum	Waldorfskólinn Lækjarbotnum	Kópavogi

F.h. stjórnar Eflingar – stéttarfélags


Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður